

Samþykkt um samstarf KÍ við kennaramenntunarstofnanir

5. þing KÍ vill efla samstarf sitt við kennaramenntunarstofnanir og aðra sem láta menntun og störf félagsmanna sambandsins sig einhverju varða. Stofnun samstarfsnefndar KÍ og Menntavísindasviðs HÍ var að mati þingsins mikilvægt skref fyrir báða aðila. Miklu skiptir að rækta það samstarf og efna til samstarfs við fleiri háskóla. Með þessu má vinna að meira lýðræði við stefnumótun og ákvarðanatöku um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins og auka tengsl fræða og starfsvettvangs. Samstarfsvettvangur KÍ og háskóla getur einnig orðið gagnlegur til samskipta og samvinnu við fleiri aðila svo sem yfirvöld menntamála, sveitarfélög og samtök foreldra og nemenda.